

# Samstarf við hjúkrunarfræðinga á vettvangi um skimun og meðferð gegn lifrabólgu C hjá einstaklingum sem nota vímuefni í æð

- Lifrabólgu C smit eiga sér nánast eingöngu stað meðal einstaklinga sem nota vímuefni í æð og því mikilvægt að tryggja aðgengi þeirra að lyfjameðferð ef draga á úr útbreiðslu
- Í nóvember 2022 hófu hjúkrunarfræðingar göngudeildar smitsjúkdóma samstarf við verkefnastjóra skaðaminnkunar á Landspítala og skaðaminnkunarverkefni Rauða Kross Íslands um að veita heilbrigðisþjónustu á vettvangi
- Afturskyggn skoðun á starfsemistölum
- Á tímabilinu 1. nóvember 2022 til 1. maí 2023 náði þjónusta á vettvangi til 94 einstaklinga
  - 76 einstaklingar þáðu skimun fyrir lifrabólgu C á tímabilinu
  - 95% kusu blóðprufu fram yfir hraðgreiningarpróf
  - 13 (17%) skimaðra reyndust vera með virka lifrabólgu C
  - 16 einstaklingar hófu meðferð gegn lifrabólgu C
  - 14 einstaklingar kláruðu 12 vikna meðferð en tveir kláruðu 8 vikna meðferð
- Samstarf um þjónustu á vettvangi milli hjúkrunarfræðinga Landspítalans og hjúkrunarfræðinga á vettvangi, sem þegar eiga í góðu meðferðarsambandi við einstaklinga sem nota vímuefni í æð, er veigamikill þáttur í að tryggja aðgengi þeirra að skimun og meðferð gegn lifrabólgu C

